

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Upplýsingar um umsækjanda

Vinsamlegast fyllið út viðeigandi upplýsingar að neðan.

Nafn

Kennitala

Lögheimili

Staður

Póstnúmer

Netfang

Aðsetur

Staður

Símanúmer

Upplýsingar um umsækjanda

Húsnæðisaðstaða

Húsnæðisstaða annað

Aðrir á heimili, 18 ára og eldri

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

Fjöldi barna undir 18 ára aldri sem hafa búsetu í viðkomandi leiguíbúð

Fjöldi barna

Búi foreldrar og forsjáraðilar barns ekki saman skal barnið teljast búsett á lögheimili sínu sem og í íbúðarhúsnæði þess foreldris eða forsjáraðila sem það á ekki lögheimili hjá enda dvelji barnið hjá foreldrinu eða forsjáraðilanum í að lágmarki 30 daga á ári skv. samningi um umgengni sem sýslumaður hefur staðfest, sbr. 5. mgr. 46. gr. barnalaga, úrskurði sýslumanns um umgengni skv. 47. eða 47. gr. a. sömu laga, dómi eða dómsátt. Telst barnið þá sem heimilismaður hjá báðum foreldrum sínum eða forsjáraðilum til 18 ára aldurs.

Barn yngra en 18 ára sem hefur tímabundið aðsetur hjá fósturforeldrum vegna tímabundins fósturs skv. barnaverndarlögum skal teljast til heimilismanna á heimili foreldra eða forsjáraðila þess. Hið sama á við þegar barn yngra en 18 ára hefur tímabundið aðsetur á heimavist eða námsgörðum enda eigi barnið skráð lögheimili hjá foreldri eða forsjáraðila.

Bankareikningur

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist inn á eftirfarandi reikning:

Banki - útibú

Höfuðbók

Númer reiknings

Umsækjandi er leigjandi hjá Akureyrarbæ

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna.

Umsókn skal vera skrifleg/rafræn á sérstöku eyðublaði.

Sérstakur húsnæðisstuðningur reiknast frá og með þeim almanaksmánuði þegar Akureyrarbær móttækur umsókn vegna leigutíma þess almanaksmánaðar eða hluta úr þeim mánuði, hafi leigutími hafist síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar.

Í umsókn um húsnæðisbætur skv. lögum nr. 75/2016 er umsækjanda og öðrum heimilismönnum, 18 ára og eldri, boðið að veita framkvæmdaraðila umboð til að veita sveitarfélögum upplýsingar um rétt hans til húsnæðisbóta, auk þeirra forsendna og útreikninga sem þar liggja að baki. Forsenda fyrir því að sérstakur húsnæðisstyrkur verði veittur á grundvelli umsóknar þessarar er að framkvæmdaraðila sé veitt umrætt umboð. Þegar umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning er lögð inn hjá Akureyrarbæ munu umræddar upplýsingar verða sóttar hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og þannig lagt mat á umsóknina.

Umsókn skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að hún verði samþykkt:

1. Að umsækjandi hafi fengið samþykktá umsókn um húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.
2. Að umsækjandi sé orðinn 18 ára á umsóknardegi og eigi lögheimili á Akureyri þegar sótt er um.
3. Að samningur, eða tilboð um samning, liggi fyrir um afnot af íbúðarhúsnæði sem er staðsett í sveitarfélaginu.
4. Að félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans sé metin samkvæmt viðmiðum 4. gr. reglna Akureyrarbæjar um sérstakan húsnæðisstuðning. Að öllu jöfnu skal miða við að umsækjandi fái 6 stig, þar af að lágmarki 2 stig hvað félagslegar aðstæður varðar.
5. Að samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, séu undir efri mörkum skv. viðmiðum 6. gr. reglna Akureyrarbæjar um sérstakan húsnæðisstuðning.
6. Að samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærrí en viðmið samkvæmt 7. grein áður nefndra reglna.

Ef umsókn uppfyllir ekki þessi skilyrði verður henni synjað.

Umsækjandi skal upplýsa velferðarsvið um breytingar sem verða á aðstæðum hans og sem áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi. Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur.